



– Federation of Icelandic Trade

Alþingi
Erindi nr. P 131/94
komudagur 16.11.2004

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 12.11.2004
EÖD

Vísað er til erindis hæstvirkar efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, dags. 20. október sl. þar sem óskað er umsagnar Félags íslenskra stórkaupmanna, áður Samtök verslunarinnar, um frumvarp til laga um breytingu á lögum um virðisaukaskatt nr. 50/1988, með síðari breytingum, 6. mál.

Það er yfirlýst stefna FÍS að afnema beri með öllu þá neyslustýringu sem felst í núverandi fyrirkomulagi á skattlagningu matvæla enda sé slíkt kerfi í andstöðu við almenna þróun á þessu sviði. Sú neyslustýring sem felst í tveggja þrepa virðisaukaskatti á matvæli og álagningu vörugjalds á sumar tegundir matvæla tekur oft á sig hinar undarlegustu myndir og er erfitt að sjá hvaða rök búa að baki slíku inngripi í neysluvenjur almennings.

FÍS er sammála því markmiði sem stefnt er að með frumvarpinu að lækka matvælaverð. Það má hins vegar einnig gera með öðrum áhrifaríkari aðferðum. Félagið vill í þessu sambandi benda á þá leið að afnema vörugjald á matvæli en vörugjald er dulinn skattur sem hvergi kemur fyrir sjónir neytenda en vegur töluvert í verðlagningu matvæla og afnám þess hefði afgerandi áhrif í þá átt að bæta kjör almennings. Tekjur ríkisins af vörugjöldum af matvöru nema um það bil einum og hálfum milljarði á ári.

Félagið telur að nær væri að afnema vörugjald af matvælum og fella alla matvöru, hverju nafni sem hún nefnist í sama virðisaukaskattþrepið með þeim hætti að í stað þess að lækka matvörur í 7% virðisaukaskattþrep yrði lækkunin takmörkuð um því sem næmi tekjutapi ríkisjóðs af afnámi vörugjalds af matvælum. Telur félagið að neðra virðisaukaskattsþrepið yrði á milli 11 og 12% ef þessi leið yrði farin.

Í ljósi framanritaðs treystir FÍS sér ekki til að mæla með að ofangreint frumvarp verði lögfest óbreytt. Að lokum lýsa samtökin sig reiðubúin til að mæta á fund hæstvirkar efnahags- og viðskiptanefndar verði eftir því leitað.

Virðingarfyllst,


Einar Örn Davíðsson, hdl.